

## LÖG FÉLAGS RÁÐGJAFARVERKFRÆÐINGA

### I. NAFN, HEIMILI OG TILGANGUR

#### 1. gr. – Nafn og heimili

Félagið heitir Félag ráðgjafarverkfræðinga, skammstafað FRV (hér eftir „félagið“). Félagið var stofnað 21. febrúar 1961. Heimili þess og skrifstofa er í Reykjavík.

Félagið skal auðkenna sig með sérstöku merki. Aðildarfyrirtækjum félagsins er heimilt að auðkenna sig með merki og/eða skammstöfun félagsins.

#### 2. gr. – Tilgangur

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna þeirra fyrirtækja sem eiga aðild að félaginu, efla samkeppnishæfni þeirra sem óháðra ráðgjafa og stuðla að bættum starfsskilyrðum innan greinarinnar.

### II. AÐILD

#### 3. gr. – Aðild

Fyrirtæki starfandi á sviði ráðgjafarverkfræði eiga rétt á að ganga í félagið.

Senda skal skriflega umsókn um aðild að félaginu til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði.

Félagið á aðild að Samtökum iðnaðarins („SI“) og Samtökum atvinnulífsins („SA“). Aðild að félaginu felur jafnframt í sér aðild að SI og SA með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í lögum þeirra.

### III. AÐALFUNDUR, FÉLAGSGJÖLD O.FL.

#### 4. gr. – Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert og skal boða til hans bréfluga eða með tölvupósti með minnst sjö daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal tilgreind í fundarboði.

Aðalfundur er lögmaður sé löglega til hans boðað, án tillits til fundarsóknar.

Einn fulltrúi hvers aðildarfyrirtækis fer með atkvæðisrétt fyrirtækisins á aðalfundi. Atkvæðamagn hvers aðildarfyrirtækis er samanlagt árgjald þess til SI deilt með 1000. Ekkert aðildarfyrirtæki fer þó með meira en 20% atkvæða.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil ásamt áætlun um tekjur og gjöld næsta starfsárs.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og skoðunarmanns reikninga félagsins.
5. Kosning nefnda.
6. Önnur mál.

#### 5. gr. – Reikningsár

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

#### 6. gr. – Félagsgjöld

Aðildarfyrirtæki skulu greiða árgjald til félagsins sem ákveðið er af aðalfundi ár hvert. Aðalfundur getur ákveðið að innheimta ekkert félagsgjald. Aðildarfyrirtæki skulu þó ávallt greiða félagsgjald til SI og SA samkvæmt lögum samtakanna, sbr. einnig 3. mgr. 3. gr. laga þessara.

#### IV. STJÓRN OG REKSTUR

##### 7. gr. – Stjórn og rekstur

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum. Einnig er heimilt að kjósa allt að tvo varamenn. Formaður skal kosinn sérstakri kosningu til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára. Einn þeirra gengur úr stjórninni um leið og formaður en hinir þrír ári síðar. Endurkjör er leyfilegt.

Kjörgengir í stjórn eru starfsmenn aðildarfyrirtækja félagsins. Framboð til stjórnarsetu skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Kosning til stjórnar skal vera skrifleg, óski einn eða fleiri fundarmenn eftir því.

Stjórn skiptir með sér verkum og fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til stjórnarfunda. Rituð skal fundargerð stjórnarfunda og hún varðveitt.

Skoðunarmaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Endurkjör er leyfilegt.

Starfsmaður SI sem fer með málefni félagsins annast daglegan rekstur þess í umboði stjórnar.

#### V. ÚRSÖGN OG BROTTVIKNING

##### 8. gr. – Úrsögn

Aðildarfyrirtækjum er heimilt að segja sig úr félaginu með sex mánaða fyrirvara. Úrsögnin skal vera skrifleg og miðast við næstu mánaðamót eftir að úrsögn berst.

##### 9. gr. – Brottvikning

Stjórn félagsins er heimilt að víkja aðildarfyrirtæki úr félaginu ef veigamikil og rökstudd ástæða þykir til og sú ákvörðun er samþykkt af öllum stjórnarmönnum. Áður en slík ákvörðun er tekin skal aðildarfyrirtæki gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með hæfilegum fyrirvara.

Aðildarfyrirtæki getur ávallt, óháð því hvort ákvörðun um brottvikningu er tekin af stjórn að frumkvæði stjórnar eða í kjölfar ákvörðunar síðanefndar, sbr. 12. gr. laganna, innan fjögurra vikna frá því að ákvörðun um brottvikningu var tilkynnt hlutaðeigandi, farið fram á að ákvörðunin verði borin undir félagsfund. Þarf þá 2/3 hluta greiddra atkvæða til að staðfesta ákvörðunina.

Stjórn félagsins er heimilt að má af félagaskrá þau aðildarfyrirtæki sem ekki hafa greitt árgjöld sín til félagsins eða SI í eitt ár eða lengur eða eru hætt störfum.

#### VI. NEFNDIR

##### 10. gr. – Samninganefnd

Innan félagsins skal starfa samninganefnd sem hefur það hlutverk að semja, fyrir hönd félagsins, um kaup og kjör samkvæmt þeim kjarasamningum sem félagið á aðild að hverju sinni.

Í samninganefnd sitja þrjú eða fimm einstaklingar skipaðir af stjórn félagsins til 2 ára í senn. Leitast skal við að nefndin samanstandi af fulltrúum hvort tveggja stórra og lítilla aðildarfyrirtækja. Ennfremur skal leitast við að viðhalda þekkingu innan nefndarinnar með þeim hætti að aldrei gangi fleiri en einn nefndarmaður úr nefndinni árlega. Að lágmarki skulu 2/3 hlutar fulltrúa í nefndinni vera starfandi innan aðildarfyrirtækja félagsins.

Fulltrúar nefndarinnar ákveða sín á milli hver þeirra fer með formennsku nefndarinnar. Formaður er tengiliður við stjórn og starfsmann SI sem fer með málefni félagsins.

##### 11. gr. – Yngri ráðgjafar (YR)

Innan félagsins skal starfa nefnd yngri ráðgjafa, skammstöfuð YR. Til yngri ráðgjafa teljast starfsmenn aðildarfyrirtækja sem eru 40 ára og yngri. Aðeins yngri ráðgjöfum er heimil þátttaka í starfi nefndarinnar og viðburðum á hennar vegum.

Hlutverk nefndarinnar er að leiða starf yngri ráðgjafa hjá félaginu og gæta hagsmuna þeirra innan þess. Jafnframt er nefndinni ætlað, m.a. með faglegum og félagslegum viðburðum, að styrkja tengslanet yngri ráðgjafa hjá aðildarfyrirtækjum ásamt því að vera fulltrúar yngri ráðgjafa í starfi félagsins út á við og inn á við og stuðla að bættri ímynd félagsins.

Árlega leggur nefnd yngri ráðgjafa tillögu að starfsáætlun nefndarinnar fyrir stjórn félagsins til samþykktar. Þá samþykkir stjórn fyrir hönd félagsins fjárhagsáætlun og úthlutun til nefndarinnar til eins árs í senn. Nefndin getur sótt um aukafjárveitingu til einstakra viðburða eða verkefna.

## **12. gr. – Siðanefnd**

Innan félagsins skal starfa siðanefnd. Í siðanefnd sitja fimm einstaklingar, þar af einn formaður, og tveir til vara, allir skipaðir af stjórn félagsins til tveggja ára í senn. Nefndarmenn og varamenn skulu vera starfsmenn aðildarfyrirtækja félagsins. Þá skal lögfræðingur SI gegna hlutverki ritara nefndarinnar og veita nefndarmönnum faglega ráðgjöf.

Siðanefnd hefur það hlutverk að rannsaka og taka ákvörðun um kvartanir aðildarfyrirtækja vegna meintra brota á siðareglum, sbr. 13. gr.

Kvörtun þarf að að berast nefndinni innan tveggja mánaða frá því að kvartanda varð kunnugt um meint brot á siðareglum. Kvörtun skal vera skrifleg og henni skal fylgja rökstuðningur og nauðsynleg gögn um kvörtunarefnið og það aðildarfyrirtæki sem kvartað er undan. Nefndin skal, svo fljótt sem verða má, tilkynna því aðildarfyrirtæki sem kvartað er undan um kvörtunina og gefa því kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan hæfilegs frests. Farið skal með öll gögn og upplýsingar sem nefndarmenn komast yfir í störfum sínum sem trúnaðarmál.

Siðanefnd fjallar ekki um mál sem borin hafa verið undir stjórnvöld eða dómstóla.

Leitast skal við að ákvörðun siðanefndar liggja fyrir innan mánaðar frá því að allri gagnaöflun er lokið. Öllum ákvörðunum nefndarinnar skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Sé niðurstaða nefndarinnar sú að siðareglur hafi verið brotnar getur nefndin veitt viðkomandi aðildarfyrirtæki skriflega áminningu. Séu sakir sérstaklega miklar, eða hafi aðildarfyrirtæki áður fengið tvær eða fleiri áminningar, er siðanefnd heimilt að víkja aðildarfyrirtæki úr félaginu. Slík ákvörðun skal þó ávallt borin undir stjórn félagsins til samþykktar.

Ákvörðun um áminningu þarf samþykki einfalds meirihluta nefndarmanna en ákvörðun um brottvikningu þarf samþykki allra nefndarmanna og allra stjórnarmanna félagsins. Skjóta má ákvörðun nefndarinnar um brottrekstur undir félagsfund, sbr. 9. gr.

Stjórn félagsins skal útfæra nánar málsmeðferðarreglur siðanefndar.

## **VII. ÖNNUR ÁKVÆÐI**

### **13. gr. – Siðareglur**

Stjórn félagsins setur siðareglur sem aðildarfyrirtækjum ber að fara eftir. Í reglunum skal m.a. kveðið á um faglega óháða ráðgjöf, trúnað við og upplýsingaskyldu gagnvart verkkaupa, tengsl ráðgjafa við þriðja aðila, greiðslur fyrir verk og samskipti milli ráðgjafa.

Aðildarfyrirtæki FRV skulu ávallt hafa í heiðri siðareglur félagsins.

Siðareglurnar og breytingar á þeim skulu bornar undir aðalfund eða félagsfund til samþykktar og þarf til þess einfaldan meirihluta greiddra atkvæða.

### **14. gr. – Félagsfundir**

Stjórn skal boða til félagsfundar ef hún telur ástæðu til eða ef aðildarfyrirtæki sem fara með minnst 1/8 hluta heildratkvæðamagns í félaginu óska eftir því.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.

### **15. gr. – Kjarasamningar**

Í atkvæðagreiðslum um nýjan eða breyttan kjarasamning við stéttarfélög þarf samþykki minnst 65% greiddra atkvæða á félagsfundi, þó aldrei undir 50% af samanlögðu atkvæðamagni allra aðildarfyrirtækja félagsins.

### **16. gr. – Slit**

Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir félagsins til Verkfræðingafélags Íslands.

### **17. – Lagabreytingar**

Breytingar á lögum þessum má aðeins gera á aðalfundi. Til lagabreytinga þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

### **18. – Gildistaka**

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins þann 14. maí 2018 og taka þegar gildi. Samhliða falla úr gildi eldri lög félagsins, samþykkt í maí 2017.

Stjórn Félags ráðgjafarverkfræðinga